

L Ö G

73

5. júní

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935,
um tekjuskatt og eignarskatt.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við c-lið 6. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málslíður, svo hljóðandi: Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis- og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

74

5. júní

um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er gerður var í Bern hinn 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908 og í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennna og listaverka. Menntamálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd sáttmálans hér á landi.

2. gr.

Fyrri málsg. 16. gr. laga nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentarétt, orðist svo:

Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit úr öðrum blöðum eða tímaritum dægu-urgreinar um hagfræðileg efni, stjórnsmál eða trúsmál, nema þess sé getið við greinarnar, að eftirprentun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgiritra.

74

5. júní

3. gr.

Ríkisstjórnin skal, eftir því sem verða má, tryggja það, að þýðendur eða bóka-útgefendur, sem þegar hafa þýtt eða látið þýða erlendar bækur, hafi forgangsrétt til útgáfu þeirra gegn hæfilegri þóknun til eiganda þýðingarréttarins, enda verði bókin gefin út fyrir 31. desember 1948.

Þýðendur og útgefendur, sem notfæra vilja sér þetta ákvæði, skulu senda menntamálaráðuneytinu skrá um bækur þessar innan þess tíma, sem ráðuneytið ákveður með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og færa sönnur á, ef óskað er, að þýðingarstarfið hafi verið hafið, áður en Ísland óskaði inngöngu í Bernarsambandið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

75

5. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna hljóðar svo:

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir: Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 500 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa 560 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa 620 kr. og svo framvegis, þannig að launin hækki um 60 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans $\frac{1}{2}$ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert liðið fardagaár.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 2. málsg., ef hann fer með sýslan í kaupþúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kaupþúni.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af aukatekjum þeim, sem taldar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.